

Fyrirmælum rekabálks Jónsbókar 8. kap. hefir verið breytt með konungsbræfi frá 23. júní 1779. Samkvæmt því virðist að eins verða spurning um þriðjungs landshlut af þeim flutningshvólum, sem reknir eru alveg ómeiddir á land og ekki hafa verið skotnir í sjónum. Þegar aptur á móti skotnir hvalir eru fluttir á land, ber ekki að greiða neinn landshlut af þeim, nema því að eins, að engi eða tún bóndans skemmist af flutningi hvalsins og skurði, og skal þá greiða jarðeiganda tilendurgjalds á slíkum skaða áttunda part hvalsins.

Samkvæmt 10. kap. rekabálks Jónsbókar virðist yður, herra amtmaður, að eigi geti verið efi á því, að greiða skuli fátækrahlut af hval, sem veiddur er á helgum degi, en hins vegar ætlið þjer, að ákvörðun þessi sje úr gildi fallin með 14. grein fátækra-reglugjörðarinnar. Hið síðar nefnda álit yðar virðist mjer vafasamt; en sama er um skilning yðar á 10. kap. rekabálks. Mjer virðist nokkur vafi geta verið um það, hvort orðið «fluttur» á þeim stað hafi hina sömu þýðingu og staðið hefði «veiddur» eða «rekinn á land», og kynni ef til vill að vera spurning um, hvort greiða ætti fátækrahlut af meiri hlut hvalsins, en þeim er skorinn væri og fluttur úr fjörunni á helgum degi; en hvað sem því nú líður, verður varla krafinn fullur fátækrahlutur af hval þeim, sem veiddur er eða fluttur fleiri daga í röð, þó síðasti dagurinn sje sunnudagur.

Þetta er tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, og er það vitaskuld, að þeir eru ekki bundnir við álit það, er jeg hef látið í ljósi, en geta krafizt dómsúrslita í málinu.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um vald sýslunefndar með tilliti til uppfreðingar barna. — Með þóknanlegu bræfi yðar herra amtmaður, frá 29. f. m. meðtók jeg álit yðar um áfrýjun sóknarprestssins að Görðum á Álftanesi á úrskurði amtsráðsins í suðurumdæminu frá 11. þ. m., er fellur úr gildi ályktun sýslunefndarinnar í Kjósar- og Gullbringusýslu frá 15. nóvbr. f. á. um, að greiða skuli úr sjóði Bessastaðahrepps 20 kr. kostnað, er leiddi af sjerstakri umsjón með kennslu unglingspilts Ögmundar Gíslasonar, svo að hann yrði fermingarfær.

Áfrýjandinn hefir haldið því fram, að amtsráðið hefði átt að vísa þessu máli frá sjer, þar sem sýslunefnd bæri samkvæmt 38. grein sveitarstjórnartilskipunarinnar frá 4. maí 1872 fullnaðarúrskurður á málinu, en þjer hafið þar á móti bent á, að það virðist almenn grundvallarregla, að úrskurðum í sveitarmálum verði að minnsta kosti áfrýjað einu sinni, og með því að fyrsta úrskurðarvald á ágreiningi milli prests og hreppsnefndar um uppfreðslu ungmennis beri undir sýslunefnd samkvæmt 2. lið 14. greinar tilsk. 4. maí 1872, sje það brot á tjeðri grundvallarreglu að láta sýslunefnd hafa fullnaðarvald til að skera úr slíkum málum. En á þessa skoðun yðar, herra amtmaður, get jeg ekki fallizt. Það virðist ekki vera neinn verulegur munur á ályktun hreppsnefndar í máli um uppfóstur og uppeldi barna og í öðrum málum, sem áfrýja má til sýslunefnda samkvæmt 38. grein tilskipunarinnar, og ályktun hreppsnefndarinnar um uppeldi barns, missir ekki þýðingu sem fullnaðarákvörðun af hendi hreppsnefndarinnar, þó hreppsnefndin sje skyld að hlíta ráði sóknarprestss, þangað til fullnaðarúrskurður sýslunefndar fæst um málið. Það er nú hvergi í 14. grein sveitarstjórnartilskipunarinnar hin minnsta bending um, að amtsráðinu beri nokkur afskipti af slíku máli; þvert á móti er það ástæða á móti slíkum afskiptum, að greinin ekki inniheldur neina ákvörðun um, hvernig fara skuli með uppeldi þess barns, er ágreiningur er um, meðan á áfrýjuninni til amtsráðsins stendur; og er þetta því eptirtektarverðara, sem greinin kveður á um, hvernig fara eigi að í þessu tilliti þangað til úr-

169 skurður sýslunefndar er fenginn um málið. Með því nú loksins að 52. grein sveitar-
1. ágúst. stjórnartilskipunarinnar inniheldur sundurliðaðar ákvarðanir um mál þau, er lögð eru undir
amtsráðin með skírskotun til ýmsra undanfarandi greina í tilskipuninni og hvorki 14.
næ 38. grein er talin með þeim, virðist mjær ljóst, að amtsráðið hafi ekki vald til að
grípa fram fyrir hendurnar á sýslunefndinni í málum um uppfóstur og uppeldi barna.

Þar sem þær, herra amtmáður, hafið vakið athygli á því, að sýslunefndin í með-
ferð sinni á málinu hafi brotið móti 28. gr. tilskipunarinnar, þá kynni þetta, ef til vill,
að geta valdið því, að amtsráðið, samkvæmt 1. tölul. 52. gr. tilskipunarinnar fyndi ástæðu
til að vísa málinu til nýrrar meðferðar í sýslunefndinni, en hins vegar veitir það amts-
ráðinu enga heimild til að breyta úrskurði sýslunefndarinnar að efni til.

Samkvæmt því, sem hjer að framan er tjáð, skal sá úrskurður amtsráðsins í
súðurumdæminu, er breytti úrskurði sýslunefndar Kjósar- og Gullbringusýslu frá 15. nóvbr. f.
á. í málinu um meðgjöf með piltinum Ögmundi Gíslasyni, úr gildi felldur.

170 — Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um bólusetningu. — Af þókanlegr;
3. ágúst. skýrslu stiptsyfirvaldanna 28. júní þ. á. sjest, að hin síðari ár hefir ekkert gjört verið til
að fram fylgja fyrirmælum konungsbrjefa 18. júlí 1821 og 23. marz 1830 um ráðstafan-
ir til framkvæmda bólusetningu; en í þeim er ákveðið, að hver prestur skuli vera bólu-
setjari í kalli sínu, með 1 eða 2 aðstoðar-bólusetjurum, ef á þarf að halda, og í annan
stað, að prestaefnum skuli ókeypis kennt að bólusetja, og að þess skuli gætt, er þeir eru
í embætti skipaðir, að þeir sanni, að þeir þekki nákvæmlega til alls, er að bólusetning
lýtur. Með því að það nú virðist nauðsynlegt, að tjeðum fyrirmælum sje nákvæmlega
fram fylgt, vil jeg skora á stiptsyfirvöldin að sjá um, að það verði eptirleiðis gjört, og
virðist mega sameina þá ókeypis kennslu, er landlækni er gjört að skyldu að veita prest-
um og prestaefnum, við kennsluna á læknaskólanum. Þeir, er eptirleiðis sækja um að
verða skipaðir í prestlega stöðu, verða að færa sönnur á, að þeir hafi aflað sjer nauðsyn-
legrar þekkingar í þessu efni; og ber að brýna fyrir prestum þeim, er þegar eru í em-
bætti skipaðir, en hafa ekki þessa kunnáttu til að bera, að þeim beri enn að nota að-
gang þann, sem þeim með kgsbr. 18. júlí 1821 er veittur, til að afla sjer hennar.

EMBÆTTASKIPUN.

5. dag ágústmánaðar var Bergur amtmáður Thorberg kvaddur til í fjarveru Hilmar
landshöfðingja Finsens á ferð til Danmerkur og á ábyrgð hans að þjóna landshöfðingjaembættinu yfir
Íslandi ásamt amtmannsembættinu í súður- og vesturumdæminu, þó svo, að þeim málum, er hann sem
amtmáður eða annar liður stiptsyfirvaldanna leggur úrskurð á, skal samkvæmt ákvörðun 21. greinar í
auglýsingu 22. febrúar 1875 skjóta undir forstjóra hins konunglega íslenska yfirdóms, þá er þau liggja
undir fullnaðarúrslit landshöfðingja.

12. s. m. var presturinn að Presthólum sira Eiríkur Gíslason skipaður prestur að Lundi
(Lundar- og Fitjasóknum) í Borgarfjarðarsýslu.

Stjórnartíðindi. Nokkur hept exemplör af stjórnartíðindum 1881 (A og B
saman) fást keypt á ritstofu landshöfðingja, þar að auki eru þar til sölu nokk-
ur exemplör af B-deild stjórnartíðinda 1874—1880 og af báðum deildum 1878,
1879 (vantar bls. 13—20) og 1880.

Þau ár, er báðar deildirnar eru til fyrir, kosta 1 kr. 90 a., en sje að eins
B-deildin til, kostar árið 95 a.